

Anna Sigríður Halldórsdóttir



Ég hef verið stjórnarmaður í Frjálsa lífeyrissjóðnum frá árinu 2013 og verið í endurskoðunarnefnd frá árinu 2014 ásamt því að gegna ýmsum trúnaðarstörfum fyrir sjóðinn. Á þeim tíma hef ég aflað mér þekkingar og reynslu á lífeyrismálum sem ég hef áhuga og vilja til að nýta til áframhaldandi starfa fyrir sjóðinn. Ég býð því fram krafta mína og tíma til áframhaldandi stjórnarsetu í Frjálsa lífeyrissjóðnum.

Markmiðið með framboðinu er að halda áfram að vinna að eflingu sjóðsins og gæta hagsmuna sjóðfélaga. Í ljósi breytinga sem eru að verða á samfélaginu og auknu langlífi er sjaldan meiri þörf fyrir að tryggja að ávöxtun sparnaðar sjóðfélaga til langs tíma muni standa undir lífeyrisskuldbindingum og tryggi þeim lífeyri þegar að útgreiðslu kemur.

Ég tel það kost að samsetning stjórnar sé fjölbreytt og að baki sé breið þekking og reynsla, en ekki síst er mikilvægt að stjórn sameinist í því að vinna að heildarhagsmunum sjóðfélaga.

Ég hef starfað hjá Hagstofu Íslands frá árinu 2007 þar sem ég hef meðal annars borið ábyrgð á rannsókn á launkostnaði. Það hefur veitt mér yfirgripsmikla þekkingu á kjarasamningum og lífeyrisréttindum landsmanna sem hefur nýst mér við stjórnarstörfin fyrir Frjálsa lífeyrissjóðinn.

Ég útskrifaðist sem hagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 2008 og með meistaragráðu í verkefnastjórnun (MPM) frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014.